

57
8. sept.

10. gr.
Breytingar þær, sem samþykktar verða, og sömuleiðis breytingar þær, er samþykktar hafa verið síðan 1929, skulu færðar inn í texta laganna.

11. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli:

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.

58
8. sept.

L Ö G

um

einkasölu ríkisins á tóbaki.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

G j ö r u m k u n n u g t: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1932 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum nokkra tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef birgðirnar eru eigi að álitu tollstjóra meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 13. og 14. gr. Þegar sérstakar ástæður mæla með, getur þó ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það í land.

2. gr.

58

8. sept.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 1. gr., selur hún kaupfélögum, öðrum verzlunarfélögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Ríkisstjórnin setur reglur um verzlunina.

3. gr.

Það fé, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera „Tóbakseinkasala ríkisins“.

5. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur tóbakseinkasölnunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölnunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvornig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. janúar 1932, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. okt. 1931 skal ríkisstjórninni vera heimilt að banna allan innflutning tóbaks, nema sérstakt leyfi hennar komi til.

7. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að fyrirmæli laga 16. nóv. 1907 um tollvörugæmslu og tollgreiðslufrest skuli að því er allskonar tóbak snertir falla úr gildi frá 1. okt. 1931, og getur ríkisstjórnin þá krafizt tafarlausrar greiðslu á öllum ógreiddum tolli af tóbaki, er þá kann að vera í tollgæmslu.

8. gr.

Tóbakseinkasalan skal leggja frá 10 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í hús hér á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

9. gr.

Tóbakseinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll þar, sem vörunar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð og að greiðslurnar megi fara fram á ákveðnum tímum, t. d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri tóbakseinkasölnunnar, greiðist í ríkissjóð, og skal honum varið á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Ríkisstjórn-

58 in setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum skal ákveða, að árlega
8. sept. leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

11. gr.

Tóbakseinkasalan skal jafnan hafa nokkurn forða af tóbaki fyrirbyggjandi í Reykjavík. Kostnað af vörusendingum innanlands greiði viðskiptamenn. Þantað tóbak getur tóbakseinkasalan látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hér á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

12. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

13. gr.

Á umbúðum allra tóbakstegunda, er einkasalan flytur inn, annara en tóbaks til sauðfjárlækninga, skal letra „Tóbakseinkasala ríkisins“.

14. gr.

Tekjum ríkissjóðs samkvæmt lögum þessum skal verja þannig:

Helmingur teknanna skal renna til byggingarsjóða samkv. lögum nr. 45 1929, um verkamannabústaði, og skiptist sá helmingur milli byggingarsjóðanna að tiltölu við ríkissjóðstillagið til þeirra. Hinn helmingurinn rennur til byggingar- og landnámssjóðs samkv. lögum nr. 35 1928.

15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess skal tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, gert upptækt og afhendist tóbakseinkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

16. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.